

Skútustaðahreppur
Hlíðavegi 6
660 Mývatn

Reykjavík, 13. apríl 2022
UST202202-197/P.V.B.
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda - stígur milli Dimmuborga og Álftagerðis

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Skútustaðahreppur, dagsett 16. febrúar 2022, um leyfi til framkvæmda innan verndarsvæðisins við Mývatn og Laxá.

Mývatn og Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu eru vernduð með lögum nr. 97/2004. Markmið laganna er að varðveita líffræðilega fjölbreytni, jarðmyndanir og landslag svæðisins. Í 17. gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu segir að leita skuli leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hverskonar framkvæmdum og hvers konar starfsemi á verndarsvæðinu sem getur haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag svæðisins.

Samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 njóta eldvörp, eldhraun og gervígágar sérstakrar verndar og forðast skal að raska þeim nema brýna nauðsyn beri til.

Bakkagróður nýtur verndar samkvæmt 62. gr. náttúruverndarlaga. Þar segir: „Við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.“

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til lagningar göngu- og hjólastígs (hér eftir kallaður hjólastígur) milli Dimmuborga og Álftagerðis. Með umsókninni fylgdu grunnmyndir af legu hjólastígsins, hlekkur á þrívíddarlíkan af honum og langsníð af hjólastígnum. Hjólastígurinn verður 2,5 m breiður með 25 cm vegöxlum sitthvoru megin og mun almennt fylgja landi og aðlaga sig að hæðum sem eru á leiðinni. Hjólastígurinn verður malbikaður. Lega hans er að mestu í grennd við Mývatnsveg nr. 848. en víkur frá honum við bílastæði við Höfða milli punkta 1400 og 1500 á grunnmyndinni og við Geitabrekku milli punkta 400 og 750. Setja þarf upp þrjár brýr og er staðsetning þeirra merkt með grænu X á grunnmyndunum. Við Geitabrekku verður settur upp svífandi stígur sem fer yfir bakka Mývatns. Við frágang á fláum verður reynt eftir fremsta megni að nýta núverandi gróður á svæðinu. Yfir viðkvæmustu svæðin er ráðgert að nýta lausnir sem eru afturkræfar og lágmarka rask. Fram kemur í umsókn að framkvæmdin er í samræmi við gildandi aðalskipulag. Að verkinu koma 10 starfsmenn á vinnuvélum. Engin starfsmannaaðstaða verður sett upp við framkvæmdarsvæðið. Vinna við gerð hjólastígsins hefst sumarið 2022 og er áætlað að vinnu ljúki haustið 2023.

Umsagnir:

Í samræmi við 17. gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu óskaði Umhverfisstofnun umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands,

Náttúruvannsóknastöðvarinnar við Mývatn og umráðenda lands þann 25. mars 2022 vegna framkvæmdarinnar.

Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands barst þann 1. apríl 2022. Í umsögn stofnunarinnar kemur fram að fyrir neðan útsýnisstað við Geitabrekku, er stígurinn mjög nálægt og jafnvel ofan í bakka vatnsins og neðan við útsýnisstaðinn eru Skápar, áhugaverðar hraunmyndanir nálægt bakkanum. Heppilegra hefði verið að koma hjólastígnum fyrir ofar hjá útsýnisstaðnum við Geitabrekku heldur en að leggja hann neðan við Skápana alveg ofan í vatninu. Við afleggjarann að Kálfaströnd nálægt Birtingatjörn og við Óhappstjörn er lega stígsins alveg í vatnsbakka og jafnvel ofan á að hluta. Greinileg þörf er á fyllingum. Aðstæður eru vissulega erfiðar við að koma stíg þarna fyrir en afar óheppilegt er ef raska þarf bökkum vatnsins. Í tjörnum þessum og í Kálfastrandarvogum er lindavatn og þar er óvenjulegt lífríki, t.d. ísaldarmarflær og sérstök bleikjuafbrigði. Allt rask á þessu svæði er því mjög óheppilegt. Rétt austan við Garð á stígurinn einnig að liggja, líklega á brú, yfir lindasvæði. Náttúrufræðistofnun hefur áhyggjur af þessum áformum og telur að þar sem lega hjóla- og göngustígsins liggja alveg upp að bakka Mývatns og nálægra tjarna og jafnvel út í vatnið á köflum, sé viðkvæmri náttúru svæðisins ógnað. Ef ekki kemur til greina að breyta legu stígarins þarf að huga afar vandlega að útfærslu þannig að rask verði sem minnst. Það breytir því þó ekki að truflun vegna umferðar getur verið töluverð fyrir fuglalíf á viðkvæmstu stöðunum.

Umsögn Náttúruvannsóknastöðvarinnar við Mývatn barst þann 5. apríl 2022. Náttúruvannsóknarstöðin bendir á að fyrirhugaður stígur fer um tvö svæði sem eru náttúrufræðilega viðkvæm, meðfram Stakhólstjörn og meðfram Kálfastrandarvogum. Við Stakhólstjörn er ekki ástæða að mati Náttúruvannsóknarstöðvarinnar til að útiloka gerð hjólastígs að því gefnu að (1) stígurinn fari eins þétt upp að veginum og leyfilegt er og (2) að vatnsbakkinn verði færður utar sem nemur stígbreiddinni og hafður sem náttúrulegastur, þ.e. sæmilega hlykkjóttur og lágur. Meðfram Kálfastrandarvogum á móts við Geitabrekku eru fáir góðir möguleikar á legu stígsins að mati Náttúruvannsóknarstöðvarinnar og er því reiknað með að hann liggja alveg á vatnsbakkanum og fari yfir lindarlænu sem þar er. Í verklýsingu er gert ráð fyrir að hann verði ekki á fyllingu, heldur pöllum, sem þýðir að undirlaginu er lítið sem ekkert raskað. Virðist það geta verið ásættanleg lausn. Á eiðinu milli Syðrivoga og Birtingatjarnar þarf að huga að landslagi, og að fylla ekki gjótur í botninum sem gætu verið gönguleiðir silungs milli Mývatns og Birtingatjarnar. Eins þarf að lágmarka flatarmál stígsins en það næst með því að hafa hann lágt yfir vatnsborði. Að mati Náttúruvannsóknarstöðvarinnar virðast þær lausnir sem felast í framlögðum gögnum stíghönnuðar (Eflu) ná þessu, og gerir Náttúruvannsóknarstöðinn ekki athugasemd við þær. Við Óhappstjörn er ráðgerð lítil brú þétt meðfram veginum, og er það lausn sem virðist ásættanleg. Auk þessara þriggja punkta er vert að nefna að stígurinn liggur yfir lindina hjá bænum Garði. Þar mun ætlunin að leggja brú yfir lindina þétt upp við veginn, og er það ásættanleg lausn að mati Náttúruvannsóknarstöðvarinnar.

Umsögn barst frá landeiganda Höfða 7. mars 2022 þar sem þeir samþykkja framkvæmdina. Aðrir landeigendur skiluðu ekki inn umsögn.

Áhrifamat:

Í Kálfastrandarvogum er um að ræða svæði sem er einkennislandslag Mývatns og einstakt á heimsvísu. Vestan við Norðurvog þar sem áætlað er að stígurinn muni sveigja frá veginum að

vatnsborði Mývatns eru leifar gervígga sem hafa einstaka gígalögun. Þar er einnig að finna einkennilegt samspil hrauns og vatns sem aðeins á sér samsvörun á einum öðrum stað í heiminum svo vitað sé. Í Kálfastrandsvogunum sprettur víða fram steinefnaríkt lindarvatn og þar er óvenjulegt lífríki sem einkennist m.a. af húsönd og krús, sem er sérkennilegt bleikjuafbrigði. Kálfastrandavogarnir eru annað tveggja lykil búsvæða húsandarinnar á Íslandi. Svæðið er að mestu óraskað. Hjólastígurinn mun liggja í gegnum hraun og svæði sem er að mestu óraskað. Þá mun framkvæmdin mögulega hafa áhrif á búsvæði fugla og annað lífríki á svæðinu. Ekki liggja fyrir nægileg gögn varðandi framkvæmdina á þessu svæði til þess að hægt sé að meta áhrif hennar á lífríki og jarðminjar á kaflanum milli Höfða og syðri enda Óhappstjarnar.

Umhverfisstofnun metur að framkvæmdin á hjólastígaköflunum milli Dimmuborga og Höfða, frá syðri hluta Óhappstjarnar að Garði og frá Dagmálaborg að Álftagerði muni hafa óveruleg áhrif á landslag, lífríki og verndargildi svæðisins. Hjólastígurinn mun liggja að mestu leiti eftir áður röskuðu landi meðfram Mývatnsveg nr. 848.

Niðurstaða:

Umhverfisstofnun frestar afgreiðslu hjólastígskaflans milli Höfða og syðri enda Óhappstjarnar og óskar eftir frekari gögnum og samtali við umsækjanda um legu hjólastígsins á þessum hluta leiðarinnar.

Umhverfisstofnun hefur nú þegar afgreitt leyfi fyrir lagningu hjólastígs milli Garðs og Dagmálaborgar með bréfi dags. 20. október 2021.

Umhverfisstofnun veitir Skúturstaðarhrepp fyrir sitt leyti leyfi fyrir lagningu göngu- og hjólastígsins innan verndarsvæðisins við Mývatn og Laxá sbr. lýsingu hér að ofan frá Dimmuborgum að Höfða, frá syðri enda Óhappstjarnar að Garði og frá Dagmálaborg að Álftagerði. Framkvæmd skal vera hafin innan árs frá dagsetninu þessa bréfs að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Einungis skal aka vélknúnum tækjum vegna framkvæmdarinnar að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdarsvæðis skal haldið í lágmarki.
- Framkvæmdaraðil skal setja upp merkingar um að framkvæmdir sé í gangi í samræmi við reglur Vegagerðarinnar um vinnusvæðamerkingar.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.

- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, sem stuðlar að náttúrulegu útliti.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald stígsins og brúa honum tengdum.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Ekki skal hefja framkvæmdir á tímabilinu 1. maí til 15. júlí.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Ákvörðunin er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindarmála skv. 26. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, sbr. 11. gr. laga nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður Þingeyjarsýslu. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað sem varðar kærana fer samkvæmt lögum nr. 1300/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis og auðlindarmála. Kærufrestur er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina sbr. 2. mgr. 4. gr. laganna.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Hákon Ásgeirsson
teymisstjóri

Ragnheiður Björk Sigurðardóttir
sérfræðingur